



Skipulag skólastarfsins í 1. – 4. bekk



Upphaf skólastarfs í 1. – 4. bekk

Í 1. bekk er kallað til einstaklingsviðtala á skólasetningardegi þar sem farið er yfir skipulag skólastarfsins við upphaf skóla.

Í 2. – 4. bekk er kallað til hópfundar á sal skólans þar sem farið er yfir skipulag skólastarfsins við upphaf skóla.

Mikilvægt er að fyrstu skóladagana séu umsjónarkennarar og sérgreinakennarar í miklu samstarfi um skipulag skólastarfsins í 1. – 4. bekk og skapi saman heildarmynd af skólastarfinu og leggi sameiginlega línurnar varðandi utanumhald og aga. Með þessu er átt við að umsjónarkennararnir leggi sig fram við það að fyrstu tvær vikurnar að minnsta kosti fylgi þeir nemendum sínum og kenni þeim á stundatöflurnar sínar í samvinnu við aðra kennara í árganginum. Þá er gott að samræma nestismálin og útskýra vel fyrir nemendum og foreldrum hvernig þessu öllu skal háttað. Einnig þarf að ganga skilmerkilega frá skipulagi næðisstundar á skólastiginu. Velta má einnig fyrir sér hvernig frímínútur eru úrskýrðar fyrir nemendum og lagt upp með þeim hvernig nýta á þær, hvar á að leika sér og hver eru lóðamörk skólalóðar.

Farið er yfir með nemendum hvert skal leita ef upp koma vandamál í skólastarfinu og hvernig samskiptum allra aðila innan skólans skal háttað, en þau eiga að grundvallast á kurteisi og virðingu. Árgangasáttmáli er nauðsynlegur þáttur við upphaf skólastarfsins og þarf hann strax að verða sýnilegur nemendum og foreldrum þeirra.

Skýrar línur þarf að senda heim um fatnað nemenda í skólastarfinu og mikilvægi þess að nemendur hafi með sér aukaföt á yngsta aldurstiginu.



Ytra skipulag

Árgangamiðað fyrirkomulag.

Tveir umsjónarkennarar í hverjum árgangi.

Viðbótarkennari í öllum árgöngum í læsi og stærðfræði.

Hver árgangur með sitt svæði.

Hver árgangur verði tvö ár á hverju kennslusvæði. Þannig verða nemendur öruggari í rýminu sínu og þekkja það betur um leið og vinnubrögð nemenda festast betur í sessi.

Innra skipulag

Virk hópaskipting nemenda og sveigjanlegt fyrirkomulag eins og hægt er.

Fjölbreytni í kennsluháttum og virk þátttaka nemenda í náminu.

Kennslusvæðin eru skipulögð með tilliti til samræmingar milli árganga, til dæmis hvað varðar uppröðun og skipulag þeirra. Í öðrum hluta kennslusvæðisins er aðstaðan þannig að kennurum gefst tækifæri til að vinna heildstætt með árganginn eða smærri hópa, til dæmis við upphaf og lok dagsins. Hinn hluti kennslusvæðisins skiptist í mismunandi vinnustöðvar og heimakrök.

Hverri viku lýkur með vikupósti umsjónarkennara til foreldra þar sem farið er yfir atburði liðinnar viku og áherslurnar í náminu. Einnig koma þar fram ábendingar um það sem betur má fara og fagleg ráð til foreldra.



Mat og eftirfylgni

1. bekkur

Tove Krogh

Lagt fyrir í október

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð deildarstjóra sérkennslu og sálfræðings skólans. Umsjónarkennarar aðstoða við fyrirlögn prófsins ásamt þriðja kennara. Prófið er lagt fyrir í Byrjendalæsis tímum.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður prófsins á fundi með þeim sem leggja prófið fyrir en prófið segir til um þroska nemenda, einbeitingu, úthald og fínhyfingar. Tekin er staða nemendanna og fylgst í kjölfarið með framvindu þeirra í námi og þroska. Kennarar nýta niðurstöður prófsins til að bregðast við mismunandi þroska- og námsstöðu nemenda.

Foreldrar

Niðurstöður og eftirfylgni kynntar foreldrum á foreldrafundi.

Læsi

Lesfimiþróf lagt fyrir í september, janúar og maí

Læsi II lagt fyrir í febrúar

Læsi III lagt fyrir í apríl



Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólastjórnar og lagt fyrir af kennurum í Byrjendalæsi.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í Byrjendalæsis tímum í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.

Foreldrar

Niðurstöður prófanna eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor. Sérstaklega er haft samband við foreldra þeirra nemenda sem eru undir viðunandi viðmiðum og rætt um hvernig heimili og skóli geta unnið saman að bættum árangri. Niðurstöður lesfímiprófanna eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor undir námsmat - íslenska - lesfímiviðmið.

Hlutverk foreldra

Lykillinn að góðri lestrarfærni nemenda er stuðningur foreldra við lestrarnámið og góð samvinna við skóla. Lögð er áhersla á daglegan heimalestur þar sem foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur lesi og æfi sig heima. Mikilvægt er að foreldrar séu einnig góðar fyrirmyndir og lesi reglulega fyrir og með börnum sínum.



2. bekkur

Læsi

Lesfimiþróf lagt fyrir í september - janúar - maí

Læsi I lagt fyrir í nóvember

Læsi II lagt fyrir í apríl

Lesmál lagt fyrir í apríl

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólustjórnar og lagt fyrir af kennurum í Byrjendalæsi.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í Byrjendalæsisstímum í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.

Foreldrar

Niðurstöður læsisprófanna eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor, en þar kemur fram heildarstigafjöldi hvers nemanda.. Sérstaklega er haft samband við foreldra þeirra nemenda sem eru undir viðunandi viðmiðum og rætt um hvernig heimili og skóli geta unnið saman að bættum árangri. Niðurstöður lesfimiþrófanna eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor undir námsmat - íslenska - lesfimiviðmið.

Hlutverk foreldra

Lykillinn að góðri lestrarfærni nemenda er stuðningur foreldra við lestrarnámið og góð samvinna við skóla. Lögð er áhersla á daglegan heimalestur þar sem foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur lesi og æfi sig heima. Mikilvægt er að foreldrar séu einnig góðar fyrirmyndir og lesi reglulega fyrir og með börnum sínu.



3. bekkur

Læsi

Lesfimiþróf lagt fyrir í september - janúar - maí

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólastjórnar og lagt fyrir af kennurum í Byrjendalæsi.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í Byrjendalæsis tímum í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.

Foreldrar

Niðurstöður lesfimiþrófanna eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor undir námsmat – íslenska - Lesfimiviðmið.

Orðarún - Lesskilningur

Lagt fyrir í október og febrúar

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólastjórnar og lagt fyrir af kennurum í Byrjendalæsi.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í Byrjendalæsis tímum í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.



Foreldrar

Niðurstöður lesskilningsprófsins eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor námsmat – íslenska – Orðarún en þar kemur heildarstigafjöldi nemenda fram. Sérstaklega er haft samband við foreldra þeirra nemenda sem eru undir viðunandi viðmiðum og rætt um hvernig heimili og skóli geta unnið saman að bættum árangri.

Hlutverk foreldra

Lykillinn að góðri lestrarfærni nemenda er stuðningur foreldra við lestrarnámið og góð samvinna við skóla. Lögð er áhersla á daglegan heimalestur þar sem foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur lesi og æfi sig heima. Mikilvægt er að foreldrar séu einnig góðar fyrirmyndir og lesi reglulega fyrir og með börnum sínu.



4. bekkur

Læsi

Lesfimiþróf lagt fyrir í september - janúar - maí

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólastjórnar og lagt fyrir af kennurum í Byrjendalæsi.

Niðurstöður og eftirfylgni

Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í Byrjendalæsis tímum í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.

Foreldrar

Niðurstöður lesfimiþrófanna eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor undir námsmat - íslenska - lesfimiviðmið.

Orðarún - Lesskilningur

Lagt fyrir í nóvember og febrúar

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólastjórnar og lagt fyrir af kennurum í Byrjendalæsi.

Niðurstöður og eftirfylgni



Farið er yfir niðurstöður nemenda og listað upp hvernig hver og einn nemandi kemur út. Í kjölfarið vinna kennarar í Byrjendalæsisstímum í samræmi við niðurstöðurnar á einstaklings- og hópamiðaðan hátt.

Foreldrar

Niðurstöður lesskilningsprófsins eru kynntar foreldrum í gegnum Mentor námsmat – íslenska – Orðarún en þar kemur heildarstigafjöldi nemenda fram. Sérstaklega er haft samband við foreldra þeirra nemenda sem eru undir viðunandi viðmiðum og rætt um hvernig heimili og skóli geta unnið saman að bættum árangri.

Hlutverk foreldra

Lykillinn að góðri lestrarfærni nemenda er stuðningur foreldra við lestrarnámið og góð samvinna við skóla. Lögð er áhersla á daglegan heimalestur þar sem foreldrar bera ábyrgð á því að nemendur lesi og æfi sig heima. Mikilvægt er að foreldrar séu einnig góðar fyrirmyndir og lesi reglulega fyrir og með börnum sínu.

Samræmd könnunarpróf

Lagt fyrir í september

Umsjón og ábyrgð

Prófið er á ábyrgð skólastjórnar og lagt fyrir af umsjónarkennurum.

Niðurstöður og eftirfylgni

Niðurstöður prófsins eru sendar skólanum í nóvember. Unnið er með niðurstöður prófsins og einstaka námsþætti þess við skipulag skólafarfsins. Áhersla er lögð á þá þætti sem ekki koma nægilega vel út um leið og styrkari stoðum er skotið undir hina. Horft er á niðurstöðurnar af kennurum bæði einstaklingslega og hópamiðað.

Foreldrar

Niðurstöðum prófsins er komið í hendur foreldra í nóvember. Mikilvægt er að foreldrar í samvinnu við umsjónarkennara nýti niðurstöðurnar til að styðja við nám barnanna og lífi þá sérstaklega til þeirra þátta sem betur mættu fara.



Almennar skólareglur

1. Samskipti í skólanum grundvallast á gagnkvæmri virðingu, jákvæðni, kurteisi og tillitssemi. Nemendur fari að fyrirmælum starfsmanna skólans.
2. Foreldrar eru ábyrgir fyrir því að börn þeirra mæti stundvíslega í skólann með þau gögn sem nota skal hvern dag. Foreldrum ber að tilkynna veikindi og leyfi strax að morgni dags að öðrum kosti er litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.
3. Nemendur gangi vel um skólann sinn jafnt innan sem utan dyra.
4. Notkun hjóla, hjólabretta, hlaupahjóla og vélhjóla er ekki leyfð á skólalóðinni á skólatíma. Þessi farartæki eru ekki geymd inni í skólanum heldur þarf að geyma þau við hjólagrindur. Mælst er til þess að nemendur í 1. – 4. bekk komi ekki á hjólum í skólann.
5. Mynd- og hljóðupptökur eru aðeins leyfðar í skólahúsnæði og á skólalóð Árbæjarskóla á skólatíma með leyfi skólastjórnar.
6. Nemendur komi með hollt og gott nesti að heiman. Við sérstök tilefni geta kennarar heimilað að nemendur komi með annars konar nesti.
7. Nemendur neyta ekki sætinda, gos- og orkudrykkja í skólanum á skólatíma. Árbæjarskóli er hnetulaus skóli.
8. Nemendur eru hvorki í yfirhöfnum inni í kennslustofu né með höfuðföt.
9. Notkun snjalltækja er óheimil í kennslustundum nema með sérstöku leyfi kennara.
10. Öll neysla matar og drykkja í kennslustofum unglinga, sem og á bókasafni, er óheimil.
11. Nemendur í 1. – 6. bekk eiga að vera úti í frímínútum nema veikindi eða veður hamli útivist. Nemendur eiga að vera á skólalóð á skólatíma.
12. Nemendur eiga ekki að skilja verðmæti eftir í fötum sínum, á göngum eða í búningasklefum. Skólinn tekur hvorki ábyrgð á persónulegum munum nemenda né fjármunum.
13. Reykingar, rafrettur, sem og notkun hvers kyns vímuefna er bönnuð í skólanum, á skólalóðinni og hvar sem nemendur eru á vegum skólans.
14. Starfsmönnum skólans er óheimilt að neyta aflsmunar nema nauðsyn krefji til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í slíkum tilvikum skal ávallt greina foreldrum frá málavöxtum.
15. Skólareglur Árbæjarskóla og punktakerfi gilda hvar sem nemendur eru á vegum skólans.

Lestrarstefna

Í Árbæjarskóla er unnið út frá aðferð Byrjendalæsis. Aðferðin hefur verið þróuð af Miðstöð skólaþróunar við Háskólann á Akureyri. Gengið er út frá því að samþætting tals, hlustunar, lesturs og ritunar sé grundvöllur að góðum árangri í lestrarnáminu. Unnið er jöfnum höndum með samband stafs og hljóðs, hraða og lesskilning. Þá vinna nemendur, með samþættingu náms, að hljóðvitund, réttitun, skrift, orðaforða, setningauppbýggingu og málfræði. Ýmiss konar gæðatexti er lagður til grundvallar í lestrarnáminu.



Uppbygging Byrjendalæsis er í þremur þrepum. Á fyrsta þrepi kynnast nemendur gæðatexta sem getur verið saga, vísa eða fræðiefni. Á öðru þrepi vinna nemendur með tæknilega þætti sem varða lestrarnámið og á þriðja þrepi semja þeir efni á grunni upphaflega textans. Fyrir hvern gæðatexta er unnin kennsluáætlun þar sem lögð er áhersla á að vinna með þættina fjóra; tal, hlustun, lestur og ritun. Öll tæknileg vinna sprettur úr þeim efnivið sem felst í gæðatextanum og lykilorð úr textanum eru nýtt til innlagnar á öllum helstu tæknilegu þáttum lestrarnámsins. Námsþörfum nemenda er mætt á einstaklingsgrunni og hver og einn vinnur því verkefni við hæfi.

Í skólanum er þriggja kennara kerfi í læsistímum sem gefur mikla möguleika á að mæta mismunandi námsþörfum nemenda. Kennarar meta árangur nemenda í daglegu starfi og fylgjast með framvindu þeirra jafnt og þétt. Þeir skipuleggja síðan kennsluna út frá þeim niðurstöðum og leggja áherslu á að skapa nemendum ný tækifæri með nýjum verkefnum í viku hverri. Áhersla er lögð á að nemendur verði læsir sem allra fyrst á skólagöngunni og að þeir fái krefjandi viðfangsefni. Einnig er lögð rík áhersla á að læsirnámið sé skemmtilegt og að það bjóði upp á samskipti nemenda þar sem þeir læra hver af öðrum.

Mikil samvinna ríkir á milli heimilis og skóla þar sem nemendur lesa daglega heima. Þeir fá lesefni við hæfi strax við upphaf skólaárs og velja sér sjálfir bækur í samráði við kennara þegar þeir hafa getu til. Á skólatíma er lögð mikil áhersla á yndislestur og hafa nemendur góðan aðgang að bókasafni skólans þar sem þeir fá lánaðar bækur til lestrar. Árlega eru lestrarsprettir í öllum árgöngum á yngsta alurstigi skólans. Lestrarsprettirnir ýta undir áhuga og hvetja nemendur áfram í lestrarnáminu. Lykillinn að góðum árangri í lestri er samábyrgð allra þeirra sem koma að lestrarnámi barnanna, jafnt heimilis og skóla.

Stærðfræði

Á yngsta alurstigi skólans er unnið með stærðfræði á víðum grunni. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Áhersla er lögð á að nemendur tileinki sér jákvætt viðhorf til stærðfræði og þrói með sér trú á eigin getu, ásamt því að rækta með sér það viðhorf að stærðfræði sé nytsamleg. Þá öðlast nemendur einnig hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og aðgerðir. Fjölbreyttir kennsluhættir og viðfangsefni eru hafðir að leiðarljósi og þörfum nemenda er mætt á einstaklingsgrunni. Í stærðfræðitímum er þriggja kennara kerfi sem gefur mikla möguleika á að mæta mismunandi námsþörfum nemenda. Á yngsta alurstigi skólans er lagður grunnurinn að



frekara stærðfræðinámi nemenda og að þeir öðlist hæfni í að nýta stærðfræðina sem tæki til að leysa viðfangsefni og finna hvaða aðferðir henta hverjum og einum best við lausn þeirra.

Samfélags – og náttúrufræði

Á yngsta aldurstigi skólans er unnið með samfélags – og náttúrufræðigreinar á marga vegu. Samfélagsgreinar skiptast í sögu, landafræði, þjóðfélagsfræði, trúarbragðafræði, lífsleikni, heimspeki og siðfræði. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Innan samfélagsfræðinnar er fjallað um samfélag og menningu á gagnrýninn og uppbyggilegan hátt þar sem nemendur eru meðal annars fræddir um jafnrétti, lýðræði, umhyggju og virðingu sem á að stuðla að því að þroska hæfni þeirra til að eiga í innihaldsríkum samskiptum við aðra og skilja veruleikann. Með kennslu í samfélagsfræði er nemandinn virkjaður til þátttöku í samfélaginu með gildi og reglur þess að leiðarljósi. Undir náttúrugreinar flokkast náttúrufræði, eðlisfræði, jarðfræði, líffræði og umhverfismennt. Teknir eru fyrir nokkrir námsþættir á hverju skólaári og unnið markvisst með þá. Með kennslu í náttúrugreinum er stuðlað að því að nemendur öðlist færni í þeim og geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma hans ræðst af samspili manns og náttúru. Haft er að leiðarljósi að nemendur láti sig varða nánasta umhverfi sitt og lífsskilyrði lífveranna sem þar búa.

Við kennslu í samfélags – og náttúrugreinum er lagt upp úr fjölbreyttum kennsluáðferðum og viðfangsefnum þar sem vettvangsferðir og athuganir jafnt innan sem utan dyra eru í hávegum hafðar. Þá eru nemendur þjálfaðir í að vinna með og afla sér fjölbreyttra heimilda og miðla þeim til annarra. Samfélags – og náttúrugreinar eru samþættar læsiskennslu á yngsta aldurstigi skólans.



Grunnpættir menntunar í íslensku, stærðfræði, samfélags- og náttúrufræði.

Grunnpáttur	Áherslupættir 1.- 4. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – gerir sér grein fyrir hvað felst í góðum samskiptum, – nýtir styrkleika sína til að byggja upp jákvæða sjálfsmynd, – tileinkar sér jákvæðan skólabrag, – skilur mikilvægi heilbrigðs lífnis,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri til að rækta hæfileika sína og þroskist á eigin forsendum án fordóma, – tileinkar sér almennar kurteisisvenjur í samskiptum,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – þekkir vel starfshætti skólans, s.s. skólareglur, skipulag og áherslur, – fær námsefni og kennslu við hæfi, – fær tækifæri til að velja verkefni við hæfi, – fær tækifæri til að velja verkefni eftir áhugasviði,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt, – notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu hverju sinni, – les í umhverfi sitt á gagnrýninn hátt og fer eftir fyrirmælum,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – er meðvitaður um góða umgengni í skólaumhverfinu, – ber virðingu fyrir eigum sínum og annarra, – er ábyrgur og tekur virkan þátt í samvinnu, – ber virðingu fyrir umhverfi sínu,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – leitar lausna við vinnu sína, – beitir ímyndunarafli, – fær tækifæri til að tjá sig á skapandi hátt.

List-og verkgreinar

Megintilgangur með námi í list-og verkgreinum er að allir nemendur kynnist fjölbreyttum vinnuaðferðum þar sem reynir á verkunnáttu, sköpunargleði, samhæfingu hugar, hjarta og handa og mörgum öðrum ólíkum tjáningarleiðum. Með náminu fá nemendur tækifæri til að skapa hluti í handverki, vinna með tákni, tóna, matarmenningu og líkama. Skapandi starf gefur nemendum tækifæri til að virkja og efla ímyndunaraflíð, þjálfast í að leita lausna og taka ákvarðanir þar sem þeir vege og meta mismunandi valkosti og sjá afrakstur af vali sínu. Í skapandi starfi og lausnaleit getur nemandinn haft áhrif á umhverfið og tekið þátt í að móta menninguna.

Listir og verkþekking mynda stóran og fjölbreyttan atvinnuvettvang og því er mikilvægt að nemendur nái að tengja námið við þessa atvinnumöguleika. Nám í list- og verkgreinum getur því hjálpað nemendum að gera sér grein fyrir hvar áhugi þeirra liggur og átta sig á atvinnu- og námstækifærum innan starfs- og listnáms. List- og verkgreinar skiptast í tónmennt, sjónlistir og sviðslistir. Undir verkgreinar heyra hönnun og smíði, textílmennnt og heimilisfræði.



Grunnpættir menntunar í list – og verkgreinum

Grunnpáttur	Áherslupættir 1.- 4. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – notar rétta líkamsbeitingu, – eykur þol og styrk, – beitir helstu áhöldum og tækjum greinanna rétt, – vinnur sjálfstætt og á góð samskipti, – fær tækifæri til að vinna út frá áhuga, – gerir sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri til rækta hæfileika sína og þroskast á eigin forsendum án fordóma, – tileinkar sér almenna kurteisi í samskiptum, – fer eftir reglum um ábyrga notkun áhalda og tækja, – fer eftir reglum og vinnur með jafnrétti að leiðarljósi,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri á að velja og útfæra verkefni við hæfi og aðlaga að sínu áhugasviði, – vinnur eftir ferli, frá hugmynd til afurðar, – Kemur fram við aðra af virðingu.
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – les í umhverfið og gerir sér grein fyrir rýmisnotkun, – getur tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefni sitt og notað rétt hugtök, – nýtir sér einfaldar leiðbeiningar og les í vinnuumhverfi sitt, – getur sagt frá eigin leiðum í vinnuferli,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – tekur ábyrgð á sjálfum sér, umhverfi sínu og samskiptum, – nýtir vel þann efnivið sem unnið er með, – gengur vel um stofu, tæki og áhöld, – velur og notar verkfæri sem hæfa viðfangsefni,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri til að tjá sig og virkja ímyndunaraflíð, – nýtir fjölbreyttan efnivið á skapandi hátt, – virkjar hugmyndaflugið og leitar lausna við vinnu sína, – setur persónulegan blæ á verkefni sín.

Skólaíþróttir

Megintilgangur skólaíþrótta er að efla líkamlegt og andlegt heilbrigði og stuðla markvisst að velferð og vellíðan nemenda. Nemendur fræðast um mikilvægi hreyfingar og heilsueflingar. Þeir kynnst fjölbreyttum þjálfunaraðferðum sem auka færni þeirra og þekkingu á eigin líkama. Nám í skólaíþróttum styrkir, stuðlar að og eykur sjálfstraust, betri líkamsvitund og andlega vellíðan.

Gott líkamlegt ástand og markviss hreyfing hefur jákvæð áhrif á námsárangur barna og unglinga. Mikilvægt er að nemendur fái tækifæri til að tengja saman jákvæð áhrif markvissrar hreyfingar, heilbrigðs lífennis og velferðar til framtíðar. Skólaíþróttir skiptast í íþróttir og sund.

Grunnþættir menntunar í skólaíþróttum	
Grunnþáttur	Áherslupættir 1. – 4. Bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – stundar íþróttir/hreyfingu með ánægju að leiðarljósi, – gerir sér grein fyrir mikilvægi hreyfingar og heilbrigðs lífennis, – gerir sér smátt og smátt grein fyrir jákvæðum áhrifum hreyfingar á heilsuna,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – fer eftir reglum og vinnur á jafnréttisgrundvelli, – ræktar hæfileika sína og þroskast á eigin forsemdum, – tekur þátt í leikjum án fordóma,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – fær að haft áhrif á val leikja, – kemur fram við aðra af virðingu,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri til að læra og ræða um mikilvægi hreyfingar, – les í umhverfið og túlkar,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – velur leiki sem höfða til hans og veita honum ánægju, – getur sagt frá eigin vali á hreyfingu,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – býr til einfalda leiki eða setur saman stutta æfingalotu.

Upplýsinga- og tæknimennt

Með eflingu upplýsinga- og miðlalæsis nemenda er þeim hjálpað til að öðlast tæknifærni og tæknilæsi. Tæknifærnin snýr að getu þeirra til að nýta ýmis tæki, tæknibúnað og fjölbreyttar úrvinnsluleiðir. Í tæknilæsi nýta nemendur tækjabúnað til að afla sér þekkingar og miðla henni. Upplýsingalæsi felur í sér hæfni í að afla, flokka og vinna úr upplýsingum á gagnrýninn og skapandi hátt. Miðlalæsi felur í sér hæfni til að greina, ná í, meta og búa til miðlaskilaboð. Út frá þessum þáttum verða nemendur læsir á texta, myndir og töluleg gögn og ná góðri færni í fingrasetningu. Undir upplýsinga- og tæknimennt heyrir m.a. miðlamennt, skólasafnsfræði, tölvunotkun og upplýsinga- og samskiptatækni. Upplýsinga- og miðlalæsi snýst um hvaða upplýsingar þarf að nálgast og nota, leita að og meta með áreiðanleika í huga. Huga þarf að því hvernig nálgast á og nota upplýsingar í samræmi við siðferðileg viðmið um höfundarétt. Nemendur öðlast hæfni í að tileinka sér færni í að umskrifa og skapa þekkingu, miðla henni á fjölbreyttan hátt í samræmi við eðli tækninnar og stafrænt umhverfi. Mikilvægt er að nemendur skilji, að upplýsinga- og miðlalæsi er ferli, sem þeir efla alla ævi, bæði í námi og starfi.

Grunnþættir menntunar í upplýsinga- og tæknimennt

Grunnþáttur	Áhersluþættir 3. og 4. bekkur Nemandi:
Heilbrigði og velferð	<ul style="list-style-type: none"> – vinnur sjálfstætt og á góð samskipti, – fær tækifæri til að vinna út frá áhuga, – beitir grunnfærni og undirstöðuatriðum í vinnubrögðum,
Jafnrétti	<ul style="list-style-type: none"> – nýtir upplýsingatæknina á fjölbreyttan hátt, – fer eftir reglum um ábyrga netnotkun,
Lýðræði og mannréttindi	<ul style="list-style-type: none"> – fær tækifæri á velja verkefni við hæfi, – vinnur eftir vinnuferli, frá hugmynd til lokaafurðar, – sýnir ábyrgð við netnotkun og temur sér siðfræðileg gildi,
Læsi	<ul style="list-style-type: none"> – velur með leiðsögn hugbúnað sem hentar þeim verkefnum sem verið er að vinna að, – tjáir sig um verkefni sín og notar hugtök sem tengjast viðfangsefninu, – nýtir gagnvirkir námsefni,
Sjálfbærni	<ul style="list-style-type: none"> – kynnist notkunarmöguleikum hug- og tækjabúnaðar, – sækir sér efni á veraldarvefinn,
Sköpun	<ul style="list-style-type: none"> – nýtir tæknina á skapandi hátt, – virkjar hugmyndaflugið til að finna lausnir við úrlausn einfaldra verkefna.

Námsáætlanir

1. bekkur bls. 21

Dans	bls. 22
Íslenska	bls. 23
Íþróttir	bls. 26
Listir og lífsleikni	bls. 27
Náttúru- og samfélagsgreinar	bls. 28
Stærðfræði	bls. 29
Sund	bls. 30

2. bekkur bls. 31

Dans	bls. 32
Íslenska	bls. 33
Íþróttir	bls. 36
Listir og lífsleikni/Lífsleikni	bls. 37
Listir og lífsleikni/ Textíl	bls. 38
Listir og lífsleikni/ Tölvur	bls. 38
Náttúru- og samfélagsgreinar	bls. 39
Stærðfræði	bls. 40
Sund	bls. 41

3. bekkur bls. 42

Dans	bls. 43
Enska	bls. 43
Heimilisfræði	bls. 44
Hönnun og smíði	bls. 45
Íslenska	bls. 46
Íþróttir	bls. 49
Samfélagsfræði	bls. 50
Sköpun/Leiklist	bls. 52
Stærðfræði	bls. 53
Sund	bls. 55
Textílmennt	bls. 56

4. bekkur bls. 57

Dans	bls. 58
Enska	bls. 59
Heimilisfræði	bls. 59
Hönnun og smíði	bls. 60
Íslenska	bls. 61
Íþróttir	bls. 64
Myndmennt	bls. 65
Samfélagsfræði	bls. 66
Stærðfræði	bls. 68
Sund	bls. 69
Textílmennt	bls. 70

Námsáætlanir

1. bekkur



Dans				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við loka 1. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> – Barnadansar. – Samkvæmisdansar. – Einstaklingsdans. – Leikir. – Frjáls tjáning. – Samskipti. 	<ul style="list-style-type: none"> – Speglar. – Geislaspilari. – Geisladiskar. – Tölva. – Myndbönd. 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum, – tekið þátt í hreyfileikjum, – dansað létt barnadansa, – dansað einföld spor í samkvæmisdansi, – dansað einfaldan einstaklingsdans. 	<ul style="list-style-type: none"> – Bein kennsla. – Hópvinna/pör. – Einstaklingsvinna. – Leikir. – Frjáls tjáning. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Íslenska				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 1. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
		<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum. 		Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> – Bækur í Byrjendalæsisvinnu. 	<ul style="list-style-type: none"> – tjáð sig fyrir framan hóp, – hlustað og horft með athygli á upplestur og leikið efni. 	<ul style="list-style-type: none"> – Hlustun. – Bekkjafundir. – Frásögn. 	
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> – Bækur í Byrjendalæsisvinnu. – Ljóð. – Vísur. – Orðaforði vikunnar. 	<ul style="list-style-type: none"> – nefnt heiti og hljóð íslenskra bókstafa, – lesið léttan texta, – tileinkað sér jákvætt viðhorf til lestrar, – nýtt lesskilning sinn á texta við hæfi. 	<ul style="list-style-type: none"> – Samvirk aðferð. – Lykilstafir. – Hljóðgreining. – Hljóðtenging. – Gæðatexti er lesin fyrir nemendur. – Paralestur. – Kórlestur. – Hljóðlestur. – Þáttökulestur. – Skiptilestur. – Yndislestur. – Heimsókn á bókasafn. 	<p>Stafakönnun.</p> <p>Læsi 3. Hefti</p> <p>Viðunandi árangur hefur náðst ef nemandi nær 61% rétt á prófi.</p> <p>Lesfimi Lesfimiviðmið. Rétt lesin orð á mínútu: Uv = færri en 20. V1 = 20-54. V2 = 55-74. V3 = 75 eða fleiri.</p> <p>Stefnt er að því að 90% nemenda í hverjum árgangi nái viðmiði 1, að 50% nemenda nái</p>

				viðmiði 2 og 25% nemenda ná viðmiði 3. Athugið að lesfímiviðið miða við stöðu nemenda við lok 1. bekkjar
Ritun	<ul style="list-style-type: none"> – Skrift 1. – Orðasafnið mitt. – Það er leikur að læra. – Listin að lesa og skrifa. – Ýmis verkefnavinna. 	<ul style="list-style-type: none"> – dregið rétt til stafs, – náð tókum á orðabili, – skrifað einfaldan texta frá eigin brjósti, – gert sér grein fyrir uppbyggingu sögu; upphaf, miðja og endir. 	<ul style="list-style-type: none"> – Móta stafi í leir. – Skrifa eftir forskrift. – Kríta stafi. – Mála stafi. – Sólarkort. – Dótasögur. – Ritunarráttur. – Söguvegur. – Endursegja sögu. – Kenna orðabil. 	Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.

<p>Málfræði</p>	<ul style="list-style-type: none"> – Bækur í Byrjendalæsisvinnu. – Verkefni frá kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> – gert sér grein fyrir því að mannanöfn byrja á stórum staf, – áttað sig á uppbyggingu málsins s.s. bókstafur, orð og málsgrein, – þekki greinarmerkin punkt. 	<ul style="list-style-type: none"> – Stafasúpa. – Orðasúpa. – Lykilorðavinna. – Orðabingó. – Samstæðuspil. – Einn tveir og níu. – Gefa og taka. – Stafaaskja og frauðplaststafir. – Setningaklipp. – Sóknarskrift. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>
------------------------	--	---	--	---



Íþróttir				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 1. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> – Hreyfiproski. – Samhæfing. – Hreyfifærni. – Liðleiki. – Leikir og leikreglur. – Íþróttagreinar innan ÍSí. 	<ul style="list-style-type: none"> – Boltar. – Mörk. – Körfur. – Dýnur. 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum, – gert einfaldar æfingar sem reyna á hreyfijafnvægi, styrk, þol og samhæfingu, – tekið þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla sjálfstraust og viljastyrk, – farið eftir umgengnisreglum, tekið tillit til annarra og upplifað skólaíþróttir á jákvæðan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> – Innlagnir. – Umræður. – Sýnikennsla. – Verklegar æfingar. – Hópvinna. – Einstaklingsvinna. – Sjálfstæð vinnubrögð. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Listir og lífsleikni				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 1. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
		<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum, – tjáð sig á einfaldan hátt um viðfangsefnið sitt, – sýnt góða umgengni við áhöld og frágang, – greint mun á hollu og óhollu, – unnið verkefni með ólíkum aðferðum í myndmótun og myndsköpun, – unnið með fjölbreyttan efnivið. 	<ul style="list-style-type: none"> – Innlagnir. – Sýnikennsla. – Verklegar æfingar. – Einstaklingsvinna. – Samvinna. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>


Náttúru- og samfélagsgreinar				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 1. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> – Líkaminn. – Húsdýrin. – Álft. – Hrossagaukur. – Brennisoley. – Birki. – Ýsa. – Esjan. – Samskipti. – Fjölskyldugerð. – Flokkun úrgangs. – Sköpun. 	<ul style="list-style-type: none"> – Kennslubækur. – Uppflettirit. – Gagnvirkt námsefni. – Verkefni frá kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> – þekkt hugtök sem tengjast mannlíkamanum, – þekkt íslensku húsdýrin og einkenni þeirra, – þekkt álftina og gert grein fyrir útliti og lífnaðarháttum hennar, – þekkt hrossagaukinn og gert grein fyrir útliti og lífnaðarháttum hans, – þekkt birki og brennisoley, – sagt frá helstu einkennum ýsunnar, – þekkt fjallið Esjuna, – gert grein fyrir helstu atburðum sem tengjast trúarhátíðum kristinna manna, – áttað sig á að öll erum við ólík, – áttað sig á flokkun úrgangs og mikilvægi hennar, – þekkt ólíkar fjölskyndugerðir. 	<ul style="list-style-type: none"> – Sýnikennsla. – Stigskiptur stuðningur. – Umræður. – Innlögn. – Bein kennsla. – Námsþættir. – Stöðvavinna. – Útikennsla. – Vettvangsferðir. – Verkefnavinna. – Einstaklings/hópvinna/paravinna. – Aðferðir Byrjendalæsis. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Stærðfræði				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 1. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> – Tölur og reikningur. – Rúmfraði og mælingar. – Tölfræði og líkindi. – Algebra. – Spurt og svarað með stærðfræði. 	<ul style="list-style-type: none"> – Kennslubækur. – Ljósrit frá kennara. – Reglustika. – Einingakubbar. – Kennsluþeningar. – Málband. – Talnalínur. – Tölvur. – Tölvuforrit. – Gagnvirkir vefir. 	<ul style="list-style-type: none"> – stærðfræðiþrautir, – þekkt og notað hentug verkfæri, – tekið þátt í samræðum um stærðfræðileg verkefni, – þekkt íslenska mynt, – unnið að stærðfræðiverkefnum í samvinnu við aðra, – lesið og skilið tveggja stafa tölur, – leyst einföld samlagningardæmi, – leyst einföld frádráttardæmi, – haldið áfram með einföld mynstur, – þekkt ferning, þríhyrning, hring og ferhyrning, – framkvæmt einfaldar mælingar, – lesið úr einföldum súluritum. 	<ul style="list-style-type: none"> – Innlagnir og sýnikennsla. – Námsþáttur. – Einstaklings/hópvinna/p aravinna. – Stöðvavinna. – Sýnikennsla á hjálpargögnum. – Umræður. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Sund				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 1. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> – Vatnsaðlögun. – Öndun. – Flot á bringu/kvið. – Skriðsundfótatök. – Baksundfótatök. – Bringusundsfótatök. 	<ul style="list-style-type: none"> – Sundfit. – Flá. – Kútar. – Kafdót. – Smááhöld. 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum, – sýnt öryggi og sjálfstæði í vatninu. – tekið þátt í leikjum og æfingum sem efla skynfæri líkamans og auka vatnsaðlögun, – staðið í botni, andað að sér og frá sér 10 sinnum, – flotið á bringu, – gengið með andlit í kafi 2,5 metra, – gert bringusundsfótatök með hjálpartækjum, – hoppað af bakka, – gert skriðsundsfótatök á bringu, – farið eftir settum leikreglum bæði í hóp- og einstaklingsæfingum, – gert sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisreglna, – flotið á baki, – gert skriðsundsfótatök á baki. 	<ul style="list-style-type: none"> – Innlagdir. – Umræður. – Sýnikennsla. – Verklegar æfingar. – Hópvinna. – Einstaklingsvinna. – Sjálfstæð vinnubrögð. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Námsáætlanir

2. bekkur



Dans				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við loka 2. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> – Barnadansar. – Samkvæmisdansar. – Einstaklingsdansar. – Ýmsir hreyfileikir. – Dansar og leikir m/frjálsri tjáningu. 	<ul style="list-style-type: none"> – Speglar. – Geislaspilari. – Geisladiskar. – Tölva. – Myndbönd. 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum, – hreyft sig frjálst í takt við tónlist, – tekið þátt í hreyfileikjum, – hlustað á tónlist með mismunandi tónfalli, þekkt hæg og hröð spor, – dansað einföld grunnspor í samkvæmisdansi, – dansað barnadansa með snúningum, – dansað einstaklingsdansa. 	<ul style="list-style-type: none"> – Bein kennsla. – Sýnikennsla. – Hópavinna. – Samvinna/pör. – Einstaklingsvinna. – Leikir. – Frjáls tjáning. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Íslenska				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 2. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
		<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum. 		Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none"> – Bækur í Byrjendalæsisvinnu. – Efni samið af nemendum. 	<ul style="list-style-type: none"> – horft á upplestur og leikið efni, – tjáð sig fyrir framan hóp, – endursagt efni sem hlustað hefur verið á. 	<ul style="list-style-type: none"> – Hlustað á upplestur sagna/ljóða. – Upplestur á eigin textasmíð. – Samverustundir á sal skólans. – Samræður í heimakrök. 	
Lestur og bókmenntir	<ul style="list-style-type: none"> – Bækur í Byrjendalæsisvinnu. – Ljóð og kvæði. – Lestrarbækur. – Bækur af safni valdar af nemendum sjálfum. – Orðaforði vikunnar. 	<ul style="list-style-type: none"> – tileinkað sér jákvætt viðhorf til lestrar, – nýtt lesskilning sinn á texta við hæfi, – lesið texta við hæfi fyrir framan hóp, – þekkt ólíkar textagerðir s.s. fræðitexta, sögur og ævintýri. 	<ul style="list-style-type: none"> – Samvirk aðferð. – Yndislestur. – Heimalestur. – Kórlestur. – Paralestur. – Lestur með tímatöku. – Endurtekinn lestur. – Gagnvirkur lestur. – PALS. – Söguvegur. – Hugarkort. – Heimsóknir á bókasafn. – Ritunarráttur. 	<p>Símat kennara á vinnu og verkum nemenda.</p> <p>Læsi</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hefti 2. Hefti <p>Viðunandi árangur hefur náðst ef nemandi nær 61% rétt á prófi.</p> <p>Lesmál</p>

<p>Lestur og bókmenntir</p>			<p>– Námsspil.</p>	<p>Viðunandi árangur hefur náðst ef nemandi nær 40 stigum eða meira á prófi.</p> <p>Lesfimi Lesfimiviðmið. Rétt lesin orð á mínútu: Uv = færri en 39. V1 = 40-84. V2 = 85-99. V3 = 100 eða fleiri.</p> <p>Stefnt er að því að 90% nemenda í hverjum árgangi nái viðmiði 1, að 50% nemenda nái viðmiði 2 og 25% nemenda nái viðmiði 3.</p> <p>Athugið að lesfimiviðmið miða við stöðu nemenda við lok 2. bekkjar</p>
--	--	--	--------------------	--

<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none"> – Skrift 2. – Bækur í Byrjendalæsisvinnu. – Fræðibækur. – Orðaforði vikunnar. 	<ul style="list-style-type: none"> – dregið rétt til stafs, – náð tókum á orðabili, – samið texta frá eigin brjósti, – þekkt bókmenntaleg hugtök s.s. persónu og söguþráð og nýtt sér þá þekkingu við verkefnavinnu, – beitt einföldum stafsetningarreglum. 	<ul style="list-style-type: none"> – Heimaskrift. – Skólaskrift. – Sögugerð. – Ljóðagerð. – Ritunarráttur. – Vennkort. – Heimildatexti. – Upplýsingatexti. – Söguvegur. – Ritaðar frásagnir. – Sóknarskrift. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>
<p>Málfræði</p>	<ul style="list-style-type: none"> – Bækur í Byrjendalæsisvinnu. – Ritrún 1. – Verkefni samin af kennurum. – Stafaaskja. – Lykilorð og orðaforði vikunnar. 	<ul style="list-style-type: none"> – beitt reglum um stóran og lítinn staf, – áttað sig á einingu málsins s.s bókstafi, hljóð, samsett orð og málsgrein. – þekkt sérnöfn, – þekkt andheiti og samheiti, – þekkt greinarmerkin punkt, kommu og spurningarmerki. 	<ul style="list-style-type: none"> – Krossglíma. – Orðasúpa. – Orðaleit. – Búa til málsgreinar með sérnöfnum. – Setningaklipp. – Sóknarskrift. – Námsspil. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Íþróttir				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 2. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> – Hreyfiproski. – Samhæfing. – Hreyfifærni. – Liðleiki. – Leikir og leikreglur. – Íþróttagreinar innan ÍSÍ. 	<ul style="list-style-type: none"> – Boltar. – Mörk. – Körfur. – Dýnur. 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyrirmælum, – gert einfaldar æfingar sem reyna á hreyfijafnvægi, styrk, þol og samhæfingu, – tekið þátt í einföldum boltaleikjum, – tekið þátt í fjölbreyttum leikjum sem efla sjálfstraust og viljastyrk, – farið eftir umgengnisreglum, tekið tillit til annarra og upplifað skólaíþróttir á jákvæðan hátt. 	<ul style="list-style-type: none"> – Innlagnir. – Umræður. – Sýnikennsla. – Verklegar æfingar. – Hópvinna. – Einstaklingsvinna. – Sjálfstæð vinnubrögð. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>



Listir og lífsleikni - Lífsleikni				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 2. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Mat
<ul style="list-style-type: none"> – Tjáning. – Umgengni. 	<ul style="list-style-type: none"> – Efni frá kennara. 	<ul style="list-style-type: none"> – unnið með öðrum og sýnt jákvæðni í samskiptum, – komið fram við aðra af virðingu og kurteisi, – unnið vel og farið eftir fyriræmum, – lesið í umhverfið sitt, – tjáð sig fyrir framan hóp, – gert sér grein fyrir mikilvægi heilbrigðs lífens. 	<ul style="list-style-type: none"> – Innlagnir. – Sýnikennsla. – Verklegar æfingar. – Einstaklingsvinna. – Samvinna. 	<p>Skipting námsþátta kemur fram í námsumhverfi nemanda í Mentor.</p>

Listir og lífsleikni - Textílmennt				
Námsþættir	Námsefni	Hæfniviðmið Við lok 2. bekkjar getur nemandi:	Leiðir	Matsviðmið
